



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. apríl 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, 731. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 1169. Í frumvarpinu er lagt til að ýmsar heimildir verði rýmkaðar, eftirlit verði aukið og sektir hækkaðar.

Um 12. grein frumvarpsins (hækkun sekta)

Í 12. gr. frumvarpsins er lögð til þreföldun á hámarki þeirra sekta sem Seðlabankanum er heimilt að leggja á aðila vegna brota á lögnum. Hámark lögáðila verði hækkað úr 75 m.kr. í 250 m.kr. og á einstaklinga úr 20 m.kr. í 65 m.kr. Samtök atvinnulífsins mótmæla þessari tillögu og telja ekki efni til að hækka sektirnar, þar sem núverandi fjárhæðarmörk séu nægjanlega há til að hafa forvarnargildi. Þau sérstöku rök sem sett eru fram í athugasemdum með frumvarpinu fyrir tillögunni um þreföldun sekta eru ósannfærandi. Þessi rök eru að brot á lögnum geti valdið óstöðugleika í gengis- og peningamálum sem leitt geti til gengislækkunar íslensku krónunnar og dregið á gjaldeyrisforða þjóðarinnar.

Gjaldeyrishöftin hafa ekki megnað að stuðla að stöðugleika gengis krónunnar eins og þróunin á þessu ári hefur glögglega sýnt. Þá valda gjaldeyrishöftin því að viðskipti á gjaldeyrismarkaði eru takmörkuð þar sem þeir sem afla gjaldeyris skipta sem minnstu í íslenskar krónur og leggja hann fremur inn á gjaldeyrisreikninga. Þá verður innstreymi gjaldeyris minna en ella þar sem gjaldeyrishöftin fæla erlendar fjárfestingar frá landinu, enda er tilvist þeirra yfirlýsing um að peningamálin séu í miklum ólestri hér á landi og engu treystandi.

Hækkun sektarfjárhæða er einnig úr takti við þá ákvörðun Alþingis að afnema gjaldeyrishöftin fyrir 31.12. 2013, eða innan 20 mánaða, sbr. ákvæði til bráðabirgða með lögum 87/1992.

Um 1.-11. grein

Í greinunum eru gerðar tillögur um að ýmsar heimildir einstaklinga og fyrirtækja til gjaldeyrisviðskipta verði rýmkaðar, Seðlabankanum verði veittar auknar heimildir til undanþága og upplýsingagjöf og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármálaviðskipta verði hert. Við ríkjandi aðstæður telja Samtök atvinnulífsins þessar tillögur almennt til bóta og gera ekki athugasemdir við þær.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

